

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um líf- og sjúkdómatryggingar.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hversu mörgum var sýnjað um líf- og/eða sjúkdómatryggingu hjá íslenskum tryggingafélögum á árunum 2000–2005, sundurliðað eftir árum og tegund trygginga?
2. Hversu mörgum, sundurliðað á sama hátt, hefur verið gert að greiða álag á iðgjöld líf- og/eða sjúkdómatrygginga hjá íslenskum tryggingafélögum vegna:
 - a. heilsufarssögu tryggingataka,
 - b. metinnar áhættu vegna heilsufarsupplýsinga um nána fjölskyldumeðlimi tryggingataka?

Skriflegt svar óskast.